

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 122/2003

frá 26. september 2003

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2003 frá 16. maí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/74/EB frá 23. september 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 80/987/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 24. lið (tilskipun ráðsins 80/987/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn:

„- **32002 L 0074:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/74/EB frá 23. september 2002 (Stjtið. EB L 270, 8.10.2002, bls. 10).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/74/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 32 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 270, 8.10.2002, bls. 10.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.